

## Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

### Fundargerð

Verknr. 1156  
Skjal nr. A1156-190-D01

11. fundur svæðisskipulagsnefndar, fjarfundur  
Mánudaginn 26. mars 2018, kl. 13:30-14:00

---

**Fundarefni:** Umfjöllun um athugasemdir við auglýsta svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu og

**Fundargögn** send með fundarboði:

- Athugasemdabréf vegna auglýstrar aðalskipulagstillögu.
- Minnisblað með tillögu að svörum við athugasemdum.

**Fundarfólk:** Fundurinn var fjarfundur og fulltrúar í hverju sveitarfélagi sátu á skrifstofu síns sveitarfélags (nema formaður var í Keflavík) og tengdust inn á sameiginlegan skjáfund þar. Mætt voru: Ingibjörg Emilsdóttir formaður og Haraldur V. A. Jónsson frá Strandabyggð; Karl Kristjánsson og Áslaug Berta Guttormsdóttir frá Reykhólahreppi; og Hörður Hjartarson og Jóhannes Haukur Hauksson frá Dalabyggð. Einnig sátu sveitarstjórar fundinn; Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps og Andrea Kristín Jónsdóttir sveitarstjóri Strandabyggðar.

**Fundarstjóri og fundarritari:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir, frá Alta

### Dagskrá:

1. Upprifjun um auglýsingu auglýsta svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu
2. Umfjöllun og afgreiðsla athugasemda við auglýsta svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu.
3. Afgreiðsla svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu til sveitarstjórna skv. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða.

### 1. Upprifjun um auglýsingu auglýsta svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2018 að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða. Auglýsingar voru birtar í Lögbirtingablaðinu 26.1.2018, Fréttablaðinu 26.1.2018, Morgunblaðinu 27.1.2018 og í Skessuhorni 25.1.2018 og þar aftur viku síðar. Auglýsingar voru einnig birtar á vefjum sveitarfélaganna og í vefútgáfu Bæjarins besta 25.1.2017, sem og á Facebook-síðuverkefnisins og verkefnisvefnum, samtakamattur.is.

Svæðisskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu, lá frammi til sýnis á skrifstofum Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b í Reykjavík, frá og með föstudeginum 26. janúar 2018 til og með mánudagsins 12. mars 2018. Tillagan var einnig til sýnis á vefsíðum sveitarfélaganna og á vef og Facebook-síðu verkefnisins. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út í lok mánudagsins 12. mars 2018.

## 2. Umfjöllun og afgreiðsla athugasemda við auglýsta svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu.

Hér er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu og sett fram svör svæðisskipulagsnefndar við þeim.

*Frá umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar, fundargerð dags. 15.2.2018:*

Nefndin leggur til að tekið verði skýrt fram í svæðisskipulaginu, að kort sem þar koma fram verði ekki bindandi á neinn hátt fyrir aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna.

*Svar:* Til að fyrirbyggja misskilning og taka af allan vafa um stöðu skýringarkorta verður settur inn fyrirvari með smáu lettri á öll kort sem segir: „Kortið er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýnir ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða afmörkun.“

*Frá Bóðvari B. Magnússyni og Bergþóru Jónsdóttur eigenda jarðanna Hrútsstaða og Kambsness í Dalabyggð, bréf dags. 4.3.2018:*

Bréfitarar gera athugasemd við kort bls. 49 sem sýnir ferðaleiðir gangandi og ríðandi samkvæmt aðalskipulagi og kort bls. 75 sem sýnir samsett aðalskipulag sveitarfélaganna. Með tilvísun í kortin er mótmælt legu reiðleiðar frá Búðardal yfir Laxárósa og þvert yfir Kambsnes og Hrútsstaði. Fram kemur að þetta hafi aldrei verið reiðleið eða þjóðleið heldur sé um að ræða slóðagerð á vegum landeigenda til annarra nota. Bent er á að reiðleið er til suðurs úr hesthúsahverfi í Búðardal yfir brá á Laxá og síðan meðfram þjóðvegi 60 suður fyrir Hrútsstaði. Sú leið sé ekki sýnd á kortinu.

*Svar:* Bæði kortin sýna gildandi aðalskipulag sveitarfélaganna. Kortin eru höfð með til að sýna gildandi stefnu sveitarfélaganna til að skýra forsendur svæðisskipulagstillögunnar. Sjálf svæðisskipulagstillagan skilgreinir ekki legu reiðleiða en sett er fram stefna um að þróuð verði reiðleið um svæðið sveitarfélaganna þriggja endilangt sbr. texta og skýringarkort á bls. 69. Lega þeirrar reiðleiðar verði ákveðin í aðalskipulagi hvers sveitarfélags þegar kemur að endurskoðun. Við þá endurskoðun verður tækifæri til að taka upp gildandi stefnu aðalskipulags og lagfæra hana í samræmi við framkomna athugasemd. Til að fyrirbyggja misskilning um gildi korta í svæðisskipulagstillögunni verður settur inn fyrirvari með smáu lettri á öll kort sem segir: „Kortið er skýringarkort með forsendu-/stefnutexta svæðisskipulagstillögunnar og sýnir ekki bindandi landnotkun, legu, staðsetningu eða afmörkun.“

*Frá Orkubúi Vestfjarða ohf., bréf dags. 16.2.2018:*

Bent er á villu í texta um raflínur í kafla 5.18 í umhverfisskýrslu þar sem eftirfarandi kemur fram: „Í gegnum svæðið liggur meginflutningslína Landsnets. Línan er 132 kv og skiptist í þrjá kafla; Glerárskógarlínu, Geiradalslínu og Mjólklárlínu. Dreifikerfi RARIK sér um aðra dreifingu raforku um svæðið.“ Hið rétta er að dreifikerfi Rarik nær að Gilsfjarðarbrú. Norðan Gilsfjarðar (og í Ólafsdal) sér Orkubúi Vestfjarða um dreifingu rafmagns.

*Svar:* Textinn verður lagfærður og gengið úr skugga um að villan komi ekki fram annarsstaðar í skipulagsgögnum.

## 3. Afgreiðsla svæðisskipulagstillögu skv. 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða

Með vísan til 25. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða leggur svæðisskipulagsnefnd til við sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar að svæðisskipulagstillagan verði samþykkt að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er að framan. Þegar samþykkt sveitarstjórna liggur fyrir mun svæðisskipulagsnefnd senda tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt mun svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær, sbr. ákvæði framangreindra lagagreina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.15.